Umsjón: **Silja Aðalsteinsdóttir** *silja@dv.is*

Þar og þá



Andrew Child endurskapar skógarlandslag
Er hægt að vekja til lífsins hugsjónir og myndmál gamalla meistara?

Nietzsche sagði eitt sinn um myndlistina að hún fæli í sér löngunina til að vera öðruvísi og á öðrum stað. Ég veit sosum ekki hvort piltarnir sem mynda evrópska hópinn then, sem nú heldur sýningu að Kjarvalsstöðum, hafa taugar til Nietzsches. En eitt af því sem sameinar þá er einmitt löngunin til að skapa með verkum sínum eins konar „staði", þar sem mætast hið einkalega og félagslega, nútíð og þátíð, minningar og kenndir. Sem er lofsverður ásetningur í ljósi þeirrar sjálfhverfu hugmyndafræði sem einkennir ýmsa núlist, íslenska og erlenda. Eða eins og Hallgrímur Helgason sagði nýlega í blaðaviðtali: Hvað varðar okkur um bólfélaga Tracy Ermin?

Myndlist

Enn fremur vekja verk Andrews Child, Birgis S. Birgissonar, Gísla Bergmann, Miles Henderson-Smith, Stefans Bottenberg og Toms Merry, ásamt ágætum formála breska heimspekingsins Jonathans Dronsfield, upp hugleiðingar um eðli „staðanna" þar sem leiðir verkanna og áhorfandans liggja saman. Ein af mörgum þverstæðum sem Dronsfield veltir upp er að listaverk/staður gerir hvort tveggja í senn, að árétta þýðingu þess sem fram kemur í því/honum OG rjúfa tengsl áhorfandans við það; enn fremur að þýðing verksins liggur ekki endilega í því sem það „sýnir" okkur, heldur því tímalausa sambandi sem myndast meðan við horfum á það. Þetta síðarnefnda á ekki síst við um verk Birgis sem í verkum sínum skapar óvissuástand sem heldur okkur hugföngnum.

Frjó og margræð umræða

En fyrir okkur skiptir kannski ekki höfuðmáli hvað sexmenningarnir eiga sammerkt, heldur hvernig innbyrðis samskiptum þeirra er háttað. Það er sérstaklega ánægjulegt við þessa samsýningu, sem mun vera hugarfóstur ástralska Íslendingsins Gísla Bergmann, hve oft verk þessara ólíku einstaklinga slá neista hvert af öðru, gera okkur að þátttakendum í frjóu og margræðu samspili vinnuaðferða, hugmynda og tilfinninga.

Undirrót flestra verkanna er minningin, en alls ekki með ívafi trega eða eftirsjár, heldur verður hún í meðförum þeirra að tæki til að gera okkur næmari fyrir því sem á sér stað í nútíð og framtíð. Það er einkar athyglisvert fyrir okkur Íslendinga að skoða málverk Gísla Bergmann, sem byggð eru á minningum um íslensku landslagsmyndirnar (hverjar?) sem foreldrar hans tóku með sér til Ástralíu fyrir margt löngu, og gaumgæfa hvernig hann reynir með upprifjun í máli og myndum að skapa sér myndlistarlegar „rætur". Um leið eru verk hans uppfull með spurn um áframhaldið; nægir þessi grunnur til að fleyta listamanninum áfram, eða verður hann að opna fyrir fleiri möguleika?

Staðir og staðleysur


Upprifjanir þeirra Bottenberg, Henderson-Smith og Child snúast einnig um tengslin sem maðurinn myndar við ákveðna staði, hvort sem er fyrir tilviljun eða ásetning. Sá fyrstnefndi er evrópskt borgarbarn sem „safnar" byggingum; þær eru staðlaðar og án sérkenna, fullkomlega ómerkilegar, og að auki sneyddar mannlegri nærveru. Í höndum listamannsins verða þær eins og brjóstumkennanlegir málleysingjar, ófærar um að láta uppi til hvers þær eru. Henderson-Smith notar málverk, þrívíð módel og teikningar til að búa til byggingar sem eru kunnuglegar en þó án afgerandi sérkenna, traustbyggðar staðleysur, gerðar af djúpstæðri ljóðrænni innlifun. Andrew Child staðsetur sig með tilvísan til listasögunnar, nánar tiltekið til þess yndisþekka skógarlandslags sem frönsku meistararnir Claude og Poussin notuðu sem líkingu fyrir sakleysið og lífshamingjuna. Markmið hans virðist öðru fremur vera að ganga úr skugga um það hvort hægt sé að vekja til lífsins hugsjónir og myndmál þessara meistara í öðrum – og öllu lítilmótlegri – efnivið. Sem sagt, óvenju álitleg og innihaldsrík sýning.

Aðalsteinn Ingólfsson

Sýningin stendur til 2. mars. Kjarvalsstaðir eru opnir alla daga kl. 10–17.



Miles Henderson-Smith byggir pappaborg
Traustbyggðar staðleysur, gerðar af djúpstæðri ljóðrænni innlifun.



Stefan Bottenberg. Ullarsaumur í krossvið
Í höndum hans verða húsin eins og brjóstumkennanlegir málleysingjar.

Komdu og skoðað´ í kistuna mína

– námskeið fyrir almenning í Þjóðarbókhlöðu í rímum og rappi, Stephani G. og konum í fornöld

"Komdu og skoðaðu í kistuna mína" er yfirskrift námskeiða fyrir almenning í Þjóðarbókhlöðu núna á vormisseri. Þau eru haldin í samvinnu Landsbókasafns og ReykjavíkurAkademíunnar og eru einkum á sviði bókmennta og sagnfræði. Námskeiðin eru fjölbreytt en eiga sameiginlegt að þau sækja efnivið sinn að nokkru leyti í handrit og bækur sem safnið geymir.

29. janúar verður námskeiðið Rapp og rímur þar sem Steindór Andersen kvæðamaður kveður, Jón Magnús Arnarson rappari rappar og Hilmar Örn Hilmarsson allsherjargoði fjallar um rapp og rímur.

Þóra Gylfadóttir verkefnisstjóri kynnir vefinn www.hvar.is fyrir almenningi. Leiðbeint verður um hvernig eigi að rata á vefnum leiðina inn í rafrænu gagnasöfnin og tímaritin. Sjá www.hvar.is/namskeid/



Hilmar Örn Hilmarsson.



Viðar Hreinsson.

Viðar Hreinsson bókmenntafræðingur hefur fengið mikið hrós fyrir bók sína Landneminn mikli um Stephan G. Stephansson. 5. og 12. febrúar skoðar Viðar gögn úr Handritadeild Landsbókasafns sem notuð voru við ritun bókarinnar. Viðar verður líka með námskeiðin Orðin í snjónum – Um lestrarþorsta og sköpunarþrá, sérkenni íslenskrar bókmenningar, þar sem hann sýnir gögn úr Handritadeild Landsbókasafns (2. og 9. apríl) og Orð og andóf – Frá kolbítum fornsagnanna til sveitamanna Halldórs Laxness, fyrir áhugafólk um menningarsögu (16. og 23. apríl).

Auður Ingvarsdóttir sagnfræðingur heldur námskeiðið Konur í fornöld – ímyndir og hugarflug fyrir alla sem hafa gaman af að velta fyrir sér hugmyndum um konur og stöðu kvenna í fortíð og nútíð (19. og 26. febrúar).

Sumarliði R. Ísleifsson sagnfræðingur fjallar um Ímynd Íslands að fornu og nýju – Viðhorf útlendinga til Íslands frá miðöldum til samtímans fyrir áhugafólk og fólk í ferðaþjónustu. Sýning er í safninu á ferðabókum fyrri tíma. (5. og 12. mars).

Davíð Ólafsson sagnfræðingur fjallar um bókmenntir í bændasamfélagi 19. aldar. (19. og 26. mars.)

Námskeiðin eru haldin í fyrirlestrasal Þjóðarbókhlöðu, kl. 20-22. Upplýsingar og skráning í síma 525 5695 kl. 10–16 alla virka daga. Einnig á netfanginu erlabj@bok.hi.is. Sjá nánar á heimasíðu safnsins: www.bok.hi.is undir Fréttir.

Opið hús verður í Þjóðarbókhlöðu með leiðsögn fyrsta sunnudag í mánuði kl. 14.

Aðilafræðin



Bókaútgáfan Nýhil kynnir stolt heimspekiritið Aðilafræðina eftir Hauk Má Helgason:

Þegar horft er yfir kort af borg má benda með penna á punkt á kortinu og segja: „Hér bý ég." Staðurinn á kortinu er svo agnarlítill að vitiborin skepna ókunnug háttum manna gæti haldið maðurinn byggi á evklíðskum punkti og viljað halda áfram, finna punktinn með síaukinni nákvæmni. Hún myndi fylgja manninum á götuna, að húsinu, maðurinn myndi hróðugur opna dyrnar og segja: „Velkomin!" en kvikindið spyrja um leið og það gengur inn í forstofuna: „Og hvar býrðu, segirðu?" „Nú, hérna ...," svarar maðurinn og breiðir út faðminn en sú ókunnuga vill ekki útbreiddan faðm heldur bendingu með fingri, gengur um og spyr: „Meinarðu í eldhúsinu ... eða í stofunni ... eða býrðu einhverstaðar hérna í sófanum?"

Ég hef reynt að reisa mér hús og ég sé ekki betur en mér hafi tekist það. Þessi ritgerð hefur margar vistarverur, sá sem gengur inn og spyr: „Já, en hvar nákvæmlega er merkingin? Hvað er aðalatriðið?" – hann er að misskilja mig.

Fatalismi? Póstmódernismi? Póstpóst-dekonstrúktúralísk afbygging? Eða púra skáldskapur? Gildir einu. Þetta er falleg bók, innblásin og blæs manni inn. Hugmyndum og tilfinningum. Tengir aðila við aðila, og vélar við vélar, vélar við aðila og aðila við vélar, menn við menn og konur við aðila.

Bókin er gefin út í takmörkuðu upplagi og hana má nálgast hjá höfundi eða með því að senda póst á nyhil@nyhil.com.

Ritlistarnámskeið



Endurmenntun Háskóla Íslands býður nokkur námskeið á sviði ritfærni þetta misserið; allt frá almennu stafsetningarnámskeiði til vinnusmiðju í ritun skáldverka.

Námskeiðið Ritlist hefst 29. janúar og er ætlað þeim sem vilja kynnast aðferðum skáldskaparins og æfa sig í að beita þeim. Farið verður í grundvallaratriði frásagnarlistar og rætt um eðli og áhrif ólíkra frásagnaraðferða, byggingu verks í lausu máli, persónusköpun, stíl og málnotkun. Lesnar eru smásögur og greinar til útskýringar og innblásturs. Námskeiðið fer fram í smiðjuformi; þátttakendum er boðið að skila stílæfingum og a.m.k. einu uppkasti að smásögu og ræða ritsmíðarnar. Ritstjóri er Rúnar Helgi Vignisson, rithöfundur og bókmenntafræðingur.

Í námskeiðinu Að skrifa góða grein sem hefst 30. jan. spreyta þátttakendur sig á því að leggja drög að grein og eru leiddir gegnum ritunarferlið skref fyrir skref. Farið er í hvernig stíll og uppbygging greinar mótast af viðfangsefni hennar og mismunandi tilgangi, sem og væntanlegum lesendum. Bent er á einfaldar lausnir til að fanga hugmyndir, flokka þær og skipuleggja í efnisgrind. Kennarar eru Guðlaug Guðmundsdóttir, íslenskukennari við MH, og Baldur Sigurðsson, lektor við KHÍ.

Vönduð íslenska – Að skrifa gott, íslenskt mál hefst 13. febrúar. Farið er yfir helstu hjálpargögn íslenskra málnotenda. Dæmi eru tekin um gott og slæmt málfar (beygingar, orðasambönd, stíll), farið yfir ýmis sératriði í ritreglum og algengar villur. Þátttakendur fá í hendur vandaðar ritreglur, ritaskrá og fleiri gögn og leysa ýmis heimaverkefni. Kennari er Bjarni Ólafsson íslenskufræðingur.

Frekari upplýsingar og skráning er á vefslóðinni: http://www.endurmenntun.hi.is eða í síma 525 4444.